

TILSKIPUN RÁÐSINS 97/75/EB**frá 15. desember 1997****um breytingu og rýmku á tilskipun 96/34/EB um rammisamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert svo að hún taki til Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Ráðið samþykkti tilskipun 96/34/EB ⁽⁴⁾ í samræmi við samninginn um félagsmálafestfuna sem fylgir bókun nr. 14 við sáttmálann, einkum 2. mgr. 4. gr. Þar af leiðandi gildir tilskipunin ekki um Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Leiðtogaáriðið, sem kom saman í Amsterdam 16. og 17. júní 1997, lýsti yfir ánægju sinni með samkomulag ríkjaráðstefnunnar um að fella samninginn um félagsmálafestfuna inn í sáttmálann og vakti jafnframt athygli á að finna þyrfti úrræði til að ósk Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að fara að þeim tilskipunum, sem þegar höfðu verið samþykktar á grundvelli þess samnings áður en Amsterdamsáttmálinn var undirritaður, fengi réttaráhrif. Með þessari tilskipun er reynt að ná þessu markmiði með því að rýmka tilskipun 96/34/EB svo að hún taki til Breska konungsríkisins.

Sú staðreynd að tilskipun 96/34/EB gildir ekki í Breska konungsríkinu hefur bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Kæmi rammisamningurinn, sem fylgir téðri tilskipun, til framkvæmda í öllum aðildarríkjunum, einkum meginreglan um að gera vinnandi foreldrum kleift að samræma skyldur sínar í atvinnulífi og sem foreldri, yrði það til bóta fyrir starfsemi innri markaðarins.

Framkvæmd rammisamningsins miðar einkum að því að koma á jafnrétti karla og kvenna að því er varðar atvinnutækifæri og meðhöndlun á vinnustað og möguleikann á að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf.

Tilskipun 96/34/EB öðlast gildi í Breska konungsríkinu við samþykkt þessarar tilskipunar. Frá gildistöku þessarar tilskipunar skal orðið „aðildarríki“ í tilskipun 96/34/EB einnig taka til Breska konungsríkisins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Með fyrirvara um 2. gr. gildir tilskipun 96/34/EB um Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

2. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr. tilskipunar 96/34/EB:

„1. a. Dagsetningin 15. desember 1999 komi í stað 3. júní 1998 í 1. mgr. að því er varðar Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.“

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 335, 6. 11. 1997.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 371, 8. 12. 1997.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 355, 21. 11. 1997.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 145, 19. 6. 1996, bls. 4.